

Fundur í íþróttá- og tómstundanefnd Langanesbyggðar haldinn á skrifstofu Langanesbyggðar fimmtudaginn 16. janúar 2014 og hófst kl 12:00

Mættir: Vilborg Stefánsdóttir, Eggert Stefánsson, Sólveig Sveinbjörnsdóttir, Kristín Heimisdóttir, Ólafur Steinarsson og Sigríður Jóhannesdóttir ritaði fundargerð.

1. Samþykktir fyrir félagsmiðstöðina Svarthol.

Farið samþykktirnar sem lágu fyrir fundinum og skrifað undir þær. Þá var einnig skrifað undir eyðublað vegna umsóknar um kennitölu fyrir félagið. SIRRÝ sér um að sækja um kennitöluna.

2. Svartholið

Vilborg kynnti að endurbótum á Svartholinu er lokið.

Vilborg kynnti að byrjað var með opnun í nóvember. Nú er komin nokkur regla á opnun og spennandi verkefni hjá krökkunum framundan m.a. Samfés.

Ásdís og Sölvi eru með krökkunum í félagsmiðstöðinni og gengur vel.

Rætt um aðgang að félagsmiðstöðinni og gjald fyrir það. Ákveðið að hafa gjaldið kr 5.000 fyrir önnina. Foreldrar þurfa að skila inn undirrituðu samþykki fyrir sinn ungling til að hann geti sótt félagsmiðstöðin.

Vilborg fór yfir nokkur atriði varðandi félagsmiðstöðina:

- Netið er komið í lag og lokað fyrir gagnamagn.
- Þarf að greiða fyrir sófann. Vilborg skoðar það.
- Þarf að skoða með rafmagnið að það sé í lagi og bæta lýsingu. Eitthvað sem Sólveig mun láta athuga.
- Þyrfti að skoða að kaupa skáp undir ísskápinn þar sem er aðeins meira geymslurými.
- Kom fram hugmynd um að taka eftirskápana og kaupa hillu. Síðan mætti kaupa ódýrar hurðar til að setja á neðri skápana. Þarf að skoða þegar fjárhagsstaðan er ljós.

3. Íþróttahúsið

Stjórn íþróttahússins er búin að funda 3 sinnum. Þar var mest fjallað um útkomu 2013 og fjárhagsáætlun 2014 Nauðsynlegt að bæta reksturinn á milli ára.

Þá er búið að ákveða að láta gera skýrslu um íþróttahúsið. Þar veður gert stöðumat á ástandinu og hvað þarf að gera í viðhaldi.

Opnunartími og notkun á íþróttahúsinu rædd.

Aðeins búið að skoða varmadælu mál fyrir íþróttahúsið og verið að skoða hvort þar liggi einhverjir möguleikar. Ólafur fylgir því máli eftir.

4. Forvarnarhópurinn

Einn fundur búinn. Eggert og SIRRÝ fóru yfir hvað var gert á þeim fundi. Fyrir liggur að leggja spurningarkönnun fyrir unglíngana helst í janúar.

Forvarnarstarf og starfsemi fyrir unglíngana rædd.

5. Æskulýðsmál

Afþreying fyrir börn og unglíngana rædd. Rætt að gaman væri að koma af stað kórstarfi fyrir börn og unglíngana. Nefndin leggur til að það verði skoðað af alvöru hvort hægt sé að koma af stað kórstarfi í Langanesbyggð. Samþykkt samhljóða.

6. Veraldarvinir

Ólafur kynnti að hann hefur óskað eftir 3 hópum fyrir sumarið. Ræddi við nefndina um að taka það að sér að skipuleggja komu hópanna.

Nefndarmenn tóku vel í þá hugmynd. Ólafur mun halda nefndinni upplýstri um það mál.

Fleira ekki gert

Fundi slitið kl 13:15